



LANDSAMTÖK ELDRI KYLFINGA

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LEK			Síða 1
Dags. fundar 23.11.2022	Tími 20:00	Staður Golfskála GKG	Nr. fundar
Fundarboðandi Formaður	Fundarritari BG		
Alls voru 25 á fundinum.			

Lýsing	
Fundur settur. Formaður LEK setti fundinn og bauð gesti velkomna. Formaður stakk uppá Jóni B. Stefánssyni sem fundarstjóra og Baldri sem fundarritara, og var það samþykkt,	
2.0. Skýrsla formans. Á starfsárinu voru 10 stjórnarfundir, ýmist sem stað- eða fjarfundir. Stjórnin var skipuð eftirfarandi: Gauti Grétarsson formaður, Baldur Gíslason varaformaður og ritari, Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri, Þórdís Geirsdóttir og Erlingur Arthúrssón meðstjórnendur. Varamenn eru Jón Gunnar Traustason og Ragnheiður Sigurðardóttir. Varamenn sitja alla fundi. Í mótanefnd voru Jón Gunnar og Erlingur.	
2.1. Markmið ársins 2022 Auka veg og virðingu Öldungamótaráðarinnar Fá styrktaraðila á mótaraðina Forskrá efstu á stigalistum inná mótin Að dómari á vegum LEK verði á öllum mótum.	
2.2. Öldungamótaröðin. Icewear Öldungamótaröðin gekk mjög vel í sumar. Að meðaltali vor 145 í 7 mótum LEK og í fjölmennasta mótinu voru 187. Keppendur komu frá 24 klúbbum og samtals voru keppendur 276. Hlutfall kvenna var 24%. Það vekur athygli að 60% kvenna í mótaraðinni eru á aldrinum 55-64. Alls voru veitt 107 verðlaun fyrir góða frammistöðu. Á Öldungamótaröðinni er keppt í högggleik, punktakeppni, liðakeppni og keppt um stigameistara karla og kvenna 50+ og 65+. Einnig er LEK- keppni golfklúbba 65+ bæði karla og kvenna. Sigurvegari í LEK- keppni golfklúbba karla 65+ í fyrstu deild var GR og í annarri deild GS. Í kvenna keppninni golfklúbba 65+ sigraði GO. Stigameistarar 2022 eru: karlar 50+ Sigurbjörn Þorgeirsson, konur 50+ Þórdís Geirsdóttir, karlar 65+ Sigurður Aðalsteinsson og konur 65+ Ágústa Dúa Jónsdóttir. Sjá má öll úrslit undir skrár á Facebooksíðu LEK.	
2.3. Félagaskrá LEK Á síðasta ári var farið af stað með félagaskrá LEK. Gunnar Páll hjá Cloud4Club hefur hannað vef sem heldur utan um þá sem hafa skráð sig sem félagar með því að greiða kr. 3000 í félagsgjald. Félagasáild veiti afslátt í mörgum verslunum, golfklúbbum og hermunum. Þeim sem greiddu félagsgjald fjölgaði nokkuð á árinu og vonumst við til að svo verði áfram. Hér fyrir neðan er skrá yfir fyrirtæki sem veita félagsmönnum afslátt. LEK kann þessum verslunum bestu þakkir fyrir stuðninginn.	

2.4. Lýðheilsa LEK.

Það er alltaf að koma betur í ljós hversu golfið hefur góð áhrif á heilsu iðkenda. Stjórn LEK er mjög meðvituð um það og vinnur að því að fjölga keppendum, fræða þá betur um gildi íþróttarinnar, standa fyrir fræðslu um þætti sem hafa áhrif á heilsu og bættan árangur á golfvöllinum. Á haustdögum var Jóhann Ingi Gunnarsson með fyrirlestur sem hann nefnd Hugarfar afrekskyfinga. Um 50 mans mættu á fundinn. Fleiri fyrirlestrar verða svo á nýju ári. Reynt verður að vinna lýðheilsuáttak með GSÍ.

2.5. Samstarfið við GSÍ.

Á árinu voru haldnir 3 fundir með GSÍ um samstarf LEK og GSÍ. Eins og er, er ekki mikill samhljómur þar á milli. Nokkur ágreiningur hefur verið á milli GSÍ og LEK um keppni á Íslandsmóti eldri kyfinga og fyrirkomulag þess. Eins hafa verið hnökrar varðand undirbúning ferða 50 ára landsliðsins.

Eins og staðan er þá eru kyfingar 50 ára og eldri 54% kyfinga sem skráðir eru í golfklúbba. Margir félagsmenn undrast að ekki skuli koma til einhver fjárhagsstuðningur við LEK.

2.6. Landsliðin 2022.

Á árinu sendi LEK 3 landslið til keppni á vegum ESGA og ESLGA. Lið karla 65+ keppti í liðakeppni með forgjöf á Ítalíu og endaði í 12. sæti. Lið kvenna 50+ keppti í Sviss í Marisa Sgaravatti móti og náði 11. sæti. Lið karla 55+ keppti í Frakklandi. Tvö lið voru send til keppni. Lið án forgjafar náði 11. sæti en lið með forgjöf endaði í 12. sæti.

2.7. Landsliðin 2023

Samkvæmt reglugerð sem sett var í vor til að skerpa á hvað þarf til til að LEK sendi landslið til keppni verða 5 lið send erlendis sumarið 2023. Konur 50+ keppa í Marisa Sgaravatti móti í Belgíu. Tvö lið karla 55+ með og án forgjafar keppa í Portúgal og í fyrsta skipti verða send tvö lið karla 65+ með og án forgjafar til Noregs.

LEK hvetur kyfinga sem hafa áhuga á að vera með í landsliðsverkefnum að vera duglegir að mæta í mótin. Það vantar ekki marga keppendur til að t.d. sé hægt að mynda lið kvenna 65+ og lið karla 75+.

3.0. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi.

Gjaldkeri félagsins Ásta Óskarsdóttir fór yfir endurskoðaðan reikning félagsins. Rekstrartekjur voru á árinu kr. 6.422.281. Rekstrargjöld námu kr. 4.994.127. Hagnaður ársins með fjármunatekjum og gjöldum nam kr. 1.471.806. Eigið fé og skuldir nema kr. 8.601.165. Skoða má ársreikninginn á FB síðu LEK.

3.1. Umræður um skýrslu formans og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.

Fundarstjóri kallaði eftir viðbrögðum úr sal um skýrslu og ársreikning. Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar upp reikninginn og var hann samþykktur samhljóða.

4.0 Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna ef einhverjar eru.

Engar tillögur lágu fyrir fundinum

5.0. Tillögur til lagabreytinga.

Stjórn LEK leggur til breytingar á 4. grein:

LEK er sérstök deild innan Golfsambands Íslands og Íþróttasambands Íslands og skal hlíta lögum og reglum þeirra.

Í samskiptum við erlenda aðila kemur félagið fram sem sjálfstæður aðili í nafni íslenskra eldri kyfinga. LEK er aðili að Evrópusambandi eldri kyfinga, og er heiti samtakanna á erlendum málum: Icelandic Senior Golf Association eða L'Association Islandais des Seniors Golfeurs, en í styttingu og í merki samtakanna: GOLF SENIOR ICELAND

Tillaga stjórnar LEK er svona:

Lýsing

LEK er aðili að European Senior Golf Association ESGA og European Senior Ladies Association ESLGA. Formaður LEK eða sá sem hann tilnefnir í sinn stað sækir árlegan fund forseta samtakanna.

Heiti samtakanna á ensku er: Icelandic Senior Golf Association en í styttingu og í merki samtakanna: ICELANDIC SENIOR GOLF

Nokkrar umræður urðu um breytingatillöguna. Kom fram í máli manna að þó að formlega sé LEK ekki deild í GSÍ, sé ekki ásæða til að taka fyrstu málsgrein 4. greinar út, sem er svona

„LEK er sérstök deild innan Golfsambands Íslands og Íþróttasambands Íslands og skal hlíta lögum og reglum þeirra.

Fundarstjóri bar breytingatillöguna og var hún samþykkt og síðan alla 4. greinina sem þá er svona:

LEK er sérstök deild innan Golfsambands Íslands og Íþróttasambands Íslands og skal hlíta lögum og reglum þeirra.

LEK er aðili að European Senior Golf Association ESGA og European Senior Ladies Association ESLGA. Formaður LEK eða sá sem hann tilnefnir í sinn stað sækir árlegan fund forseta samtakanna.

Heiti samtakanna á ensku er: Icelandic Senior Golf Association en í styttingu og í merki samtakanna: ICELANDIC SENIOR GOLF

Samþykkt með þorra atkvæða. Einn fundarmanna taldi að endurskoða ætti þetta fyrir næsta aðalfund.

6.0 Formaður kynnir drög að starfsáætlun næsta árs ásamt drögum að fjárhagsáætlun.

Drög að mótaskrá LEK

MAÍ

21.maí Öldungamótaröðin (1) Golfklúbbur Þorlákshafnar

29.júní Öldungamótaröðin (2) GR, (er í skoðun)

JÚNÍ

4.júní Öldungamótaröðin (3) Golfklúbburinn Keilir

10.júní Öldungamótaröðin (4) Golfklúbbur Grindavíkur

11.júní Öldungamótaröðin (5) GS eða GÖ

19.-22.júní 65+ karlar landslið í Noregi

27.-30. Júní 50+ konur í Belgíu

27.-30.júní 55+ karlar í Portúgal

JÚLÍ

13.-15. júlí Íslandsmót eldri kylfinga 50+ 65+ (6) í Sandgerði

30. júlí Öldungamótaröðin (7) GKG (er í skoðun)

ÁGÚST

9.-10. ágúst LEK-mót golfklúbba 65+

28.ágú Öldungamótaröðin (7)

SEPTEMBER

2.sept Öldungamótaröðin (8) GS (er í skoðun)

Mótaröðin er birt með fyrirvara.

6.1. Drög að fjárhagsáætlun .

Gjaldkeri reifaði stuttlega fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Ef allt gengur eftir ætti árið að skila um kr. 540.000 í hagnað.

7.0 Ákvörðun gjalda fyrir næsta ár, ef einhver eru.

Tillaga stjórnar er að félagsgjald verði áfram kr. 3000. Hugmynd kom fram um að skrá félagið sem félag til almannaheilla og þá fengju félagsmenn skatta afslátt á gjaldið.

Félagsgjaldið samþykkt.

8.0. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.

Tillag uppstillingarnefndar fyrir næsta starfsár 2023 er þessi:

Formaður Gauti Grétarsson kosinn til eins árs.

Ásta Óskarsdóttir, í aðalstjórn til tveggja ára.

Baldur Gíslason í aðalstjórn til tveggja ára.

Jón Gunnar Traustason í varastjórn til eins árs.

Ragnheiður Sigurðardóttir í varastjórn til eins árs.

Aðrir í stjórn kosnir á síðasta aðalfundi til tveggja ára

Erlingur Arthúrsson

Þórdís Geirsdóttir,

Engar aðrar tillögur komu fram.

Fundarstjóri bar upp tillögu uppstillingarnefndar og voru þær samþykktar.

Í uppstillinganefnd voru Sigurjón Árni Ólafsson og Gunnar Árnason.

9.0. Kosning endurskoðanda.

Tillaga um Ragnar Gíslason samþykkt samhljóða.

10. Önnur málefni ef einhver eru.

Helgi Hólm beinir til stjórnar að breyta reglugerð um val á landsliðum: Hann leggur til að í 6 grein ,sem er um landslið 75+ verði svona:

*Til að landslið (75+) sé sent út á vegum LEK þurfa þátttakendur í hverjum aldursflokki að vera a.m.k. **tvísvör** (brisvar) sinnum fleiri en keppendur í viðkomandi landsliði og hafa mætt í a.m.k. **4 (5) af 8 mótum** á Öldungamótaröðinni.*

Helgi leggur en fremur til breytingu á 10. gr.

Stig eru ekki gefin þeim keppendum sem nota hjól eða golfbíl, **Keppendur í flokki master 75+ eru undanþegnir þessari reglu þar sem hjól og golfbilar eru leyfðir í ESGA Master**

Einnig var beint til stjórnar að skoða að hætta með liti á teigum en taka upp lengdarmerkingar.

Ekki fleira rætt þakkaði fundarstjóri fundarmönnum og gaf formanni orðið.

Gauti Grétarsson nýkjörinn formaður LEK ávarpaði fundarmenn og þakkaði stuðninginn. Þakkaði einnig stjórnarmönnum fyrir gott starf svo og öðrum sem koma að starfi félagsins.

Formaður þakkað fundarmönnum fyrir komuna. og sleit fundi.

Ef engar athugasemdir hafa borist innan 5 virkra daga telst fundargerðin samþykkt